

Fjarðareldi ehf.  
Miðtúni 23  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 2. ágúst 2019  
UST201906-146/H.S.J.  
08.12.02


**Efni: Reglubundið eftirlit, 07.06. 2019, hjá Fjarðareldi**

Þann 7. júní sl. fór fram eftirlit í Fjarðareldi, Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð er varðar starfs- og rekstrarleyfi.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Frigg Þorlaciús  
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðareldi ehf. Skutulsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	7.6.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir	
<b>Fyrirtæki</b>	Fjarðareldi ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>		
<b>Heimili</b>	Miðtúni 23	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	630608-1980	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Davíð Kjartansson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	66°06,382'N	23°05,492'V

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð en ein ábending er gerð er varðar starfs- og rekstrarleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun.

Staðfest var að hvorki er né hefur verið starfssemi á því eldissvæði sem tilheyrir starfsleyfinu fyrir utan Hnífsdal.

## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að til rekstur fiskeldisstöðva þarf bæði gilt starfsleyfi frá stofnuninni sem og rekstrarleyfi frá MAST. Þar sem ekki er í gildi rekstrarleyfi til handa Fjarðareldi ehf. er útsetning seiða á svæðinu óheimil. Einnig er ekki heimilt að telja 200 tonna leyfilegt framleiðslumagn starfsleyfisins til umfangs Hábrúnar og Sjávareldis m.t.t. gildandi leyfa rekstraraðila innar í Skutulsfirði.

## ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að meðan starfsleyfi er í gildi mun eftirlitsaðili framkvæma eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun stofnunarinnar og innheimt verður eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei.

Óski fyrirtækið eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun annað hvort á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða með bréfpósti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.08.2019

Hulda Soffía Jónasdóttir